

Umsögn hverfisráðs um skýrslu innri endurskoðunar „Þjónustumiðstöðvar og hverfisráð“

Hverfisráð Grafarholts og Úlfarárdals fagnar skýrslu Innri endurskoðunar og teljum við brýnt að hverfisráðunum verði komið fyrir innan skipurits Reykjavíkurborgar. Við teljum að hverfisráðin ættu að hafa meira vægi innan borgarinnar en er nú, eins og kemur fram í niðurstöðum þessarar skýrslu.

Hverfisráð Grafarholts og Úlfarárdals telur mikilvægt að tengja betur verkefni hverfisráða svo þau verði virkur liður fyrir íbúa að leita til með sín málefni og íbúarnir finni fyrir því að málefni hverfisins hafi rödd hverfisráðsins inn í borgarskipulag. Í því samhengi gæti verið gott að nýta fjölgun borgarfulltrúa, þar sem hægt væri að tengja ákveðinn fjölda borgarfulltrúa við ákveðin hverfi. Með því gætu áherslur hverfana fengið aukið vægi inn í borgarstjórn.

Hverfisráðið telur að verkefni þjónustumiðstöðva sé að endurspegla þörf hverfissins og teljum við að stærri hluti af málefnum hverfanna ætti vera til umfjöllunar innan þjónustumiðstöðva. Nú þegar er þjónusta Velferðarsviðs orðin stór partur af þeim. Við teljum að heildstæðari sýn á þá þjónustu sem boðið er upp á í hverfunum þurfi að vera og hafa þá þjónustu alla nær hverfunum þ.e. í þjónustumiðstöðvunum. Hverfisráðið telur að verkefni þess þurfi að endurspegla öll fagsviðin en ekki aðeins verkefni Velferðarsviðs og róttæka hugmyndin í skýrslunni um að koma á borgarhlutamíðstöð er verkefni sem við teljum að sé vert að skoða.

F.h. hverfisráðs Grafarholts og Úlfarsárdals

Ragnar Karl Jóhannsson
Formaður

